

## AUGLÝSING

### um (1.) breytingu á auglýsingu nr. 808/2024, um (6.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2023/2024.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. Fyrirsögn 1. mgr. vegna Skagafjarðar (breyting á almennum skilyrðum, vinnsluskylda) breytist og verður: Skagafjörður (breyting á almennum skilyrðum, löndunarskylda innan sveitarfélags, niðurfelling vinnsluskyldu).

b. Ákvæði d-liðar 1. mgr. vegna Skagafjarðar breytist og verður svohljóðandi:

d) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2023 til og með 18. ágúst 2024.

c. Tveir nýir liðir svohljóðandi bætast við:

e) Ákvæði 4. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

f) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist „telst ekki hafa verið landað til vinnslu“ og verður: telst hafa verið landað til vinnslu.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi og falla ákvæði hennar úr gildi 19. ágúst 2024.

*Matvælaráðuneytinu, 31. júlí 2024.*

F. h. r.

**Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.**

*Jón Þrándur Stefánsson.*